**Loðnan: 17 bátar með afbragðs afla**

3. SÍÐA

alþýðu blaðið

LAUGARDAGUR 27. JAN. 1973 — 54. ÁRG. — 22. TBL.

# TILBOÐI UM LOFTBRÚ VAR HAFNAÐ



## Svar Almannavarnaráðs: Málið er í athugun — er í athugun - er í athugun - er í athugun — er í athugun

**Á milli 10 og 20 flugvélar frá Varnarliðinu hafa verið til reiðu til hjálparstarfa hvenær sem er, síðan gosið hófst í Vestmannaeyjum, og eru flugmenn ávallt til taks, en einhverra hluta vegna hafa Almannavarnir ekki séð ástæðu til að notfæra sér þessa aðstoð utan smávægilega fyrstu nóttina, sagði Ingimundur Magnússon starfsmaður á Keflavíkurflugvelli í viðtali við blaðið í gær.**

Floti þessi nægði til að koma upp afkastamikilli loftbrú á milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, og lætur nærri að hún hefði getað séð um ferðir allra Vestmannaeyinga til Eyja og aftur til Reykjavíkur á einum degi, sagði hann. Sem kunnugt er, hafa ekki nærri allir Vestmannaeyingar komist út í Eyju enn, og er óvíst hvenær þessum flutningum verður lokið.

Flugvélarnar sem bíða á Keflavíkurflugvelli, eru þrjár Douglas vélar, svipaðar DC-3, sem taka hátt í 30 manns, 12 stórar Orion vélar, sem á skammri stundu má breyta yfir í flutningavélar, tvær þyrlur sem taka um 10 manns og geta lent hvar sem er, og ein Hercules vél ef nauðsyn krefði.

Þrátt fyrir þetta fóru aðeins tvær DC-3 vélar eina eða tvær ferðir til Vestmannaeyja nóttina sem gosið hófst.

Hafði Ingvar það eftir mörgum Vestmannaeyingum, að þeir væru mjög óánægðir með þessa tilhögun, sérstaklega með hliðsjón af því hversu fá skip væru í förum á milli og flutningar gengu hægt. Hafi þeir margir snúið sér til valdamanna vegna þessa máls, en svörin væru öll á einn veg, það mál væri í athugun, eins og Vestmannaeyingar hafa oft þurft að heyra þessa dagana.

Sagði Ingvar að óánægjan færi nú vaxandi vegna þess að tveir fyrstu sólarhringarnir eftir gosið hafi vart verið notaðir til flutninga, en þá hefðu aðstæður allar verið góðar.

Nú væri hins vegar að verða ófært um bæinn og átt að snúast í austur, og bæri öskuna yfir bæinn og bönnuðu allar bjargir. Vitað væri að austanátt væri ríkjandi við Vestmannaeyjar um þennan árstíma, og því hafi verið ófyrirgefanlegt sinnuleysi að nota ekki tímann á meðan átt var vestlæg.



### Heklan og net

Þessar myndir voru teknar í Eyjum í gær, þegar flutningar þaðan stóðu sem hæst. Á efri myndinni er Heklan að leggjast enn einu sinni að garðinum í Friðarhöfn en sú neðri er af dæmigerðum fiskibáti frá Eyjum núna: Hlaðinn netum og öðrum veiðarfærum og ferðinni er heitið á einhverja verstöðina á Suðurnesjum, þaðan sem gert verður út á vertíðinni.

## HREYFIR SKIPIÐ VARLA FYRR EN ÞAÐ ER FULLT!

Vestmannaeyingar eru orðnir mjög órólegir vegna seinagans í flutningum frá Eyjum, og hafa marg ítrekað óskir sínar um að fleiri skip verði tekin til þeirra nota. Almannavarnir hafa haft málið til athugunar um skeið, og lauk þeirri athugun í gær.

Var þá Ms Dettifoss í snatri snúið við á leið sinni til útlanda, og kom skipið til Eyja eftir um þriggja tíma siglingu kl. 2 e.h. í gær. Var þegar farið að skipa varningi um boð, einkum bílum, og á skipið að lesta um 180 bíla, enda var það nær tómt.

Búist var við að skipið gæti hapdið frá Eyjum um miðnætti og væri væntanlegt til Reykjavíkur í morgun. Haft er eftir skipstjóranum á

Framhald á bls. 4

## NÝ SKELFING: HÚSIN AÐ HRYNJA!

Ný skelfing ógnar nú allri byggð í Vestmannaeyjum, er þegar búin að mölva niður eitt hús, og annað var að gliðna í sundur, er blaðið hafði samband við Kristján Þór Magnússon í Vestmannaeyjum í gærkveldi.

Þetta er nefnilega öskufallið, en fram til þessa óttaðist fólk aðallega hraunstrauminn, sem nú er mun minni hætta af en öskunni.

Askan hrannast upp á þökum húsa, og þegar hún er orðin nægilega þykk, gliðna þökin og veggir. Mun meira svæði bæjarins er í hættu vegna þessa en nokkurn tímann vegna hraunflóðsins.

Ofan á allt þetta bætist svo að nú er spáð austanátt, sem ber vikurinn yfir bæinn, og er einnig búizt við úrkomu, sem flýtir enn fyrir að sliga þökin.

Að sögn Kristjáns vinna nú yfir sig þreyttir björgunarmenn látlaust að koma eigum fólks í öruggar geymslur, og komast þeir engan veginn yfir að gera allt sem gera þarf.

Undraðist Kristján mjög það

Framhald á bls. 4

# Sjómannaverkfallinu frestað vegna Vestmannaeyjagossins?

Ríkisstjórnin hefur beint þeim tilmælum til Sjómannasambands Íslands, að verkfalli undirmanna á togurum, sem skall á aðfaranótt s.l. þriðjudags, verði aflýst vegna atburðanna í Vestmannaeyjum og þeirra efnahagslegu áfalla, sem þjóðarbúið verður fyrir af þeirra sökum.

Alþýðublaðið hafði tal af Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, skömmu eftir hádegi í gær og spurði hann, hvernig Sjómannasambandið og félögin, sem í verkfalli eru, bregðist við þessum tilmælum ríkisstjórnarinnar.

Jón svaraði: ,,Það verður haldinn sáttafundur í dag klukkan tvö og veit auðvitað enginn fyrirfram, hvað þar gerist. Við svöruðum ríkisstjórninni því til strax, að félögin gætu ekki tekið afstöðu til óska hennar, fyrr en nýr sáttafundur hefði verið haldinn.

Enn hefur enginn togari stöðvazt vegna verkfallsins. Þeir voru allir að veiðum, þegar verkfallið hófst.

Eins og kunnugt er hafa flestir íslenzku togaranna siglt með afla sinn beint á erlendan markað að undanförnu.

Jón sagði: ,,Ef togararnir fiska fyrir erlendan markað, verða þeir ekki stöðvaðir, fyrr en þeir eru búnir að sigla. Haldi þeir á veiðar að aflokinni sölu erlendis, er um verkfallsbrot að ræða. —

## Renault sigraði í Monte Carlo

Monte Carlo kappakstrinum sem hófst fyrir viku, lauk í gærmorgun með sigri Frakkanna Jean Claude Andruet og Michele Petit, en þeir óku Renault Alpine. Keppnin var mjög jöfn og spennandi í lok akstursins, og aðeins 1.35 mín. skildu að sigurvegarana og Jean Pierre Nicolas, sem varð þriðji. Svíinn Ove Anderson varð í öðru sæti, en hann átti aðeins 0.26 mín. lakari tíma í endasprettinum en sigurvegarinn. Tveir þeir síðarnefndu óku einnig Renault Alpine, og varð það annar þrefaldi sigur Renault á þremur árum.

Þetta er í fyrsta sinn í 12 ár, sem Frakkar eiga báða menn í sigurvegarabíl í Monte Carlo, og aðstoðarmaður Andruets, Michele Petit, er önnur konan í sögu Monte Carlo akstursins, sem kemst í fyrsta sæti.

Hannu Mikkola frá Finnlandi stóð sig bezt af þeim, sem óku Ford Escort og náði fjórða sæti, en Alpine bílar náðu 5. og 6. sæti.

Rafaello Picto frá Frakklandi náði sjöunda sæti á Fiat, en Svíinn Harry ,,Sputnik'' Kællström kom á leiðarenda aðeins sekúndu á eftir honum.

Óopinber sigurvegari kvenna

Framhald á bls. 4



### Eins dauði er annars brauð:

# ÓFARIR VESTMANNAEYINGA HJÁLPA UPP Á FISKVINNSLU Á SELFOSSI

Eins dauði er annars brauð, segir máltækið, og þannig virðast nú náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum ætla að verða til þess að rétta við fjárhag útgerðarmanna á Selfossi.

Sem kunnugt er, var stórt fiskverkunarhús reist á Selfossi í fyrra, og hafa tveir bátar lagt upp afla í Þorlákshöfn til vinnslu á Selfossi. Húsið er mjög stórt og getur tekið við fiski frá mun fleiri bátum, en erfiðlega hefur gengið hingaðtil að fá fleiri báta.

Nú benda hinsvegar allar líkur til þess að nokkrir Vestmannaeyjabátar muni leggja upp afla sinn í Þorlákshöfn á komandi vertíð, til vinnslu á Selfossi.

Blaðið átti í gær tal af Guðna Sturlaugssyni, einum útgerðarmanninum sem veiðir fyrir Selfyssinga. Sagði hann að fiskvinnslustöðin á Selfossi væri þegar búin að tryggja sér afla nokkurra Vestmannaeyjabáta, og gæti enn bætt við sig fleirum, þar sem nægilegt vinnuafl er fyrir hendi á Selfossi.

Verður aflinn væntanlega settur á land í Þorlákshöfn, og vinna nú Selfyssingar og Vestmannaeyingar að því að koma þar upp aðstöðu til að þjóna bátunum.

Guðni sagði að t.d. í dag ætluðu þeir í sameiningu að sigla til Eyja og sækja þangað heila netagerð,

Framhald á bls. 4

## Burt úr átthögunum

Undanfarið hefur áhugi Vestmannaeyinga á hestum breiðst nokkuð út, að sögn kunnugra, og vitanlega þurftu hestamennirnir að koma hrossum sínum undan eldgosinu og á bithaga þar sem hraungjall hefur ekki dreifst yfir eins og dýpstu snjóskaflar.

Það gekk ekki átakalaust að reka hrossin í gegnum bæinn og niður að höfn, blessaðar skepnurnar voru órólegar og fældust vegna hávaðans í gosinu — og vafalaust finna þær á sér, að ekki er allt með felldu.

En þarna eru nokkrir hestar komnir heilir á húfi í kassa og svífa um borð — á vit lífs ,,í öðru landi''.

# Bátarnir fara að geta byrjað róðra á næstunni

Útvegsbændur úr Vestmannaeyjum unnu kappsamlega að því í gærkvöldi að skipa bátum sínum niður á verstöðvar á suðvesturhorni landsins. Gekk það verk mjög vel, og var jafnvel búist við því að verkinu lyki í gærkvöldi.

,,Þetta hefur gengið ljómandi vel'', sagði Ingólfur Arnarson hjá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja er blaðið náði tali af honum á skrifstofu LÍÚ í gærkvöldi. Sagði Ingólfur að stefnt væri að því að bátarnir gætu byrjað róðra sem allra fyrst.

Næsta skrefið verður að stefna fólkinu á verstöðvarnar, þ.e. því fólki sem hefur venjulega starfað á vertíð í Eyjum. Ætti það að komast í gang á næstunni, enda hægara fyrir fólkið að velja sér verstöð þegar ljóst er hvaðan Eyjabátar róa, enda fylgir oft sama fólkið sömu bátunum.

Ingólfur sagði að það hefði gengið vonum framar að bjarga veiðarfærum Eyjabátanna undan eldinum. Kvað hann það mikla mildi að ráðist hefði verið í það verk strax, því ekki væri að vita hvernig farið hefði ef verkið hefði verið dregið fram yfir helgi. ,,Með þessu hefur verðmætum fyrir milljónatugi verið bjargað'', sagði Ingólfur.

Banaslys

## Ók á fullri ferð undir vörubílspall

Banaslys varð á Reykjanesbraut, skammt frá Hvaleyrarholti í gærdag, er bílar rákust þar á með þeim afleiðingum, að miðaldra kona beið samstundis bana, og þrjár aðrar konur, sem voru með henni í bílnum, slösuðust talsvert, þó ekki lífshættulega.

Konurnar voru í litlum Taunus fólksbíl, og voru þær á suðurleið. Kom þá stór vörubíll á móti, og rétt í þann mund að bílarnir voru að mætast, virðist sem konan hafi misst stjórn á bíl sínum, sem fór inn undir vörubílinn og reif afturöxulinn undan honum í heilu lagi.

Síðan kastaðist fólksbíllinn langar leiðir unz hann stanzaði utan vegar. Var þá konan, sem ók látin. Ökumann vörubílsins sakaði ekki.

Sterk sól var á móti fólksbílnum, er slysið varð, og mikil hálka. — Nafn konunnar verður ekki birt að svo stöddu. —

# VERÐUR LAGÐUR Á OKKUR VESTMANNAEYJASKATTUR?

Sú hugmynd er nú til athugunar hjá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, að öll sveitarfélög landsins leggi á gjaldendur sína aukaútsvar eða aukaskatt, sem verði bæjarsjóði Vestmannaeyja tekjulind í þrengingum bæjarfélagsins vegna náttúruhamfaranna þar.

Stjórn sambandsins kemur saman til fundar n.k. þriðjudag og verður þessi hugmynd þá rædd nánar.

Þetta kom fram í samtali, sem Alþýðublaðið átti við Unnar Stefánsson hjá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga í gær.

Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur nú skorað á öll sveitarfélög í landinu að leggja fram fjármagn til handa bæjarsjóði Vestmannaeyja, þannig að hann geti innt af hendi brýnustu útgjöld sín, m.a. vegna skrifstofuhalds og þjónustu í Hafnarbúðum í Reykjavík.

Stjórn sambandsins samþykkti í fyrradag að eiga frumkvæði í þessu efni og leggja fram eina milljón til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, einkum vegna nauðsynlegra útgjalda hinnar nýju bæjarskrifstofu í Reykjavík.

Unnar Stefánsson sagði, að fyrsta sveitarfélagið, Seltjarnarneshreppur, hafi þegar í fyrrakvöld tilkynnt sambandinu, að hreppsnefndin byði fram 100 þúsund krónur í þágu Vestmannaeyja.

,,Það er sýnt, að hvernig sem málin eiga eftir að þróast í Vestmannaeyjum, verða tekjur bæjarsjóðs þar litlar eða engar á þessu ári, en útgjöld hins vegar mjög mikil. Með frumkvæði sínu hefur Samband íslenzkra sveitarfélaga nánast skorað á sveitarfélögin í landinu að sjá bæjarsjóði Vestmannaeyja fyrir nauðsynlegu ráðstöfunarfé, meðan það válega ástand, sem þar ríkir nú, varir'', sagði Unnar að lokum. —

## EYJAR

**EIMSKIP**

Þeir Vestmannaeyingar, sem áttu ósóttar vörur hjá afgreiðslu Eimskipafélagsins í Vestmannaeyjum, er gos hófst í Heimaey, getað vitjað þeirra í húsi Eimskipafélagsins, Pósthússtræti 2. Síminn er 21460 innanhúsnúmer 63.

●

**LEIKHÚS**

Sérstök sýning verður á ,,Ferðinni til tunglsins'' í Þjóðleikhúsinu þann 29. janúar kl. 17. fyrir börn Vestmannaeyinga. Aðgöngumiðar verða afhentir í Hafnarbúðum laugardaginn 27. janúar á tímabilinu 13—16.

●

**HÖFN**

Hafnarstjórn Reykjavíkur sendir Vestmannaeyingum kveðjur sínar vegna þeirra válegur nátturuhamfara, sem yfir Eyjarnar hafa dunið. Öllum útvegs- og sjómönnum frá Vestmannaeyjum verður veitt öll tiltæk fyrirgreiðsla Reykjavíkurhafnar.

●

**NEYÐARSTÖÐ**

Útvarpsráð sendi frá sér ályktun í fyrradag, þess efnis, að ráðið uni þess ekki öllu lengur, að varaaflsstöð sé ekki fyrir hendi, til þess að hægt sé að halda uppi ótrufluðum sendingum, þótt meiri eða minni rafmagnstruflanir eða bilanir verði. Er þetta gert með tilliti til þeirra atburða sem nú eiga sér stað í Vestmannaeyjum. Vill útvarpsráð vekja athygli Almannavarna, ríkisstjórnarinnar og alls almennings á þessu.

●

**HLUTTEKNING**

Ríkisstjórninni hafa borizt hluttekningarkveðjur vegna náttúruhamfaranna í Eyjum frá eftirtöldum ríkjum: Noregi, Írlandi, Frakklandi, Sovétríkjunum og Þýzka alþýðulýðveldinu. Ennfremur hafa borizt hluttekningarkveðjur og boð um aðstoð frá eftirtöldum ríkjum.: Bandaríkjunum Bretlandi, Danmörku, Svíþjóð, Ísrael og Sambandslýðveldinu Þýzkalandi, svo og frá Lögþingi og landsstjórn Færeyinga.

●

**LIÐSINNI**

Kvenfélagið Seltjörn afhenti í gær Hjálparstofnun kirkjunnar 100.000 krónur til hjálpar Vestmannaeyingum. Vilja konur í félaginu með þessu framlagi leggja að mörkum lítinn skerf til að létta Vestmannaeyingum þær þungu byrðar sem nú eru á þá lagðar. Þær óska enn fremur eftir því, að ef þær geta á einhvern hátt veitt liðsinni, þá verði þær látnar vita.

●

**AÐSTOÐ**

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps sendir Bæjarstjórn og íbúum Vestmannaeyja samúðarkveðjur vegna þeirra alvarlegu atburða sem þar eru að gerast, og býður jafnframt fram alla þá aðstoð, sem hreppsfélagið getur veitt.

# Hægt að fjölga viðleguplássum í Grindavík og Njarðvíkurhöfn

Hafnarstjórn landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur hélt í gær fund með vitamálastjóra og var þar rætt um hugsanlegar framkvæmdir til að auðvelda bátaflotanum frá Vestmannaeyjum að fá aðstöðu þar í höfnunum á vetrarvertíðinni, ef á þarf að halda.

Á fundinum kom fram, að hægt er auðveldlega að fjölga viðleguplássum í Njarðvíkurhöfn nokkuð, en hins vegar lítið í Keflavíkurhöfn.

Þá mun það hafa komið í ljós, að hægt er að auka viðlegurými í Grindavík fyrir allt að 50 báta. Og samkvæmt upplýsingum, sem Alþýðublaðið hefur aflað sér, mun vera til staðar hjá vitamálastjórn bæði nauðsynlegt efni og áhöld til að hefja framkvæmdir við Grindavík og auka þar aðstöðu fyrir báta strax í vetur. —

# SÍÐUSTU FRÉTTIR

**Undir miðnætti í gærkvöldi fékk Alþýðublaðið þær fréttir frá Vestmannaeyjum, að gosið hefði lítið breytzt — ef nokkuð, þá hefði það heldur minnkað. Þegar við töluðum til Eyja var smávegis öskufall, en búizt var við aukningu á því í dag, þar sem veðurspáin hljóðaði upp á suðaustan hvassviðri, en þá leggur gosmökkinn beint yfir bæinn. 20 hús voru þá brunnin eða farin í kaf í hrauni og gjalli.**

# VERÐUR ENSKA NORÐURLANDAMÁLIÐ?

Verður enska það tungumál, sem í framtíðinni verður notast við í norrænum samskiptum og verður enska þá tekin upp sem aðalmál á þingum Norðurlandaráðs?

Þessi spurning er ekki út í hött. Í gær barst Alþýðublaðinu löng greinargerð um niðurstöður ráðherranefndar Norðurlandaráðs varðandi skipan norrænnar samvinnu. Greinargerð þessi, sem send er út af skrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi, er ekki rituð á sænsku eða einhverju öðru Norðurlandamáli, heldur heimsmálinu ensku.

# 17 BÁTAR MEÐ AFBRAGÐSAFLA

## — 30 skip komin á miðin

Afbragðs loðnuveiði var við Hvalbak í fyrrinótt. Fengu þá 17 bátar afla, samtals nálægt 5000 lestir. Fengu margir bátanna fullfermi. Lönduðu þeir aflanum á sex Austfjarðahöfnum í gærkvöldi.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Jakob Jakobsson fiskifræðingur vissi gleggstar, lönduðu eftirtaldir bátar afla. Ásgeir 300 lestum á Seyðisfirði, á Neskaupstað Guðjón 300 lestum, Þórður Jónasson 200, Gísli Árni 300, Grindvíkingur 320, Magnús 40, Hilmir 100 og Kópanes 90 lestum. Á Eskifirði Loftur Baldvinsson 400, Héðinn 400 og Skinney 100. Á Reyðarfirði Þorsteinn 350 og Guðmundur 650. Á Fáskrúðsfirði Pétur Jónsson 400 og Fífill 400. Á Stöðvarfirði Heimir 218 og Álftafell 100 lestum.

Jakob sagði í samtali við blaðið í gær að bátarnir hefðu fengið þennan afla við Hvalbak. Væri um fyrri loðnugönguna að ræða. Þétti gangan sig skyndilega í fyrrinótt, og köstuðu bátarnir þá strax, og fengu margir hverjir *mjög góðan afla*. Veður var afbragðsgott á miðunum, og átti Jakobi jafnvel von á góðri veiði yfir Helgina. Bátunum fjölgar stöðugt á miðunum fyrir austan, og sagði Jakob að flotinn teldi nú rúmlega 30 skip.

Jakob sagðist hafa kannað seinni gönguna örlítið betur á fimmtudaginn. Virðist sér að gangan væri komin að Glettinganesi, og að hún væri svona 12 dögum á eftir fyrri göngunni.

## Varnarliðið flutti kindurnar

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli sótti sauðfé Eyjabænda í þrem Douglas DC-3 flugvélum í gær. Lentu þær á Keflavíkurflugvelli með þennan farm, og var það álit manna í Eyjum, að óráðlegt væri að draga þessa flutninga lengur, ef nokkur kostur væri á flutningavélum strax.

Jón Magnússon, einn fjárbændanna í Vestmannaeyjum, hringdi snemma morguns í gær til Ásgeirs H. Eiríkssonar hjá Dýraverndunarsambandinu, og tjáði honum, að ekki yrði lengur beðið með að flytja sauðfé úr Eyjum. Eins og blaðið skýrði frá í gær, var Fragtflug búið að bjóðast til að annast þessa flutninga. Vélin, sem fyrirhugað var að nota, var ekki væntanleg erlendis frá fyrr en í gær. Var leitað til Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, og brást það vel og fljótt við, og sendi þrjár DC-3 flugvélar til Vestmannaeyja til þessara flutninga, eins og fyrr segir.

Lenti fyrsta vélin laust fyrir kl. 16 í gær með 37 kindur og lagði þegar af stað aftur, er hún hafði losað farminn og fleiri ferðir voru í undirbúningi.

## Merkti 1400 loðnur

Í fyrrinótt voru framkvæmdar loðnumerkingar í fyrsta sinn hér við land. Það var Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur sem framkvæmdi merkingarnar um borð í Eldborgu frá Hafnarfirði. Merkti Hjálmar samtals um 1400 loðnur, sem síðan var sleppt. Aðeins er hægt að merkja loðnu sem veiðist í flotvörpu.

## Auglýsing

Afgreiðsla H. F. Eimskipafélags Íslands, Vestmannaeyjum, tilkynnir:

Höfum fengið skrifstofuaðstöðu í húsi Eimskipafelagsins að Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Móttakendur eru beðnir að hafa samband við undirritaðan í síma 21460 — innanhúsnúmer 63.

Þráinn Einarsson

EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS



# TILBOÐ

Óskast í eftitaldar bifreiðar, er verða til sýnis þriðjudaginn 30. janúar 1973, kl. 1—4 í porti bak við skrifstofu vora Borgartúni 7:

| | |
|---|---|
| Volkswagen 1600 fólksbifreið | árg. 1970 |
| Volkswagen 1500 fólksbifreið | árg. 1967 |
| Consul Cortina fólksbifreið | árg. 1965 |
| Opel Admiral fólksbifreið | árg. 1966 |
| Volvo station fólksbifreið | árg. 1963 |
| Volvo station fólksbifreið | árg. 1965 |
| Volvo station fólksbifreið | árg. 1965 |
| Land Rover diesel | árg. 1968 |
| Land Rover disel | árg. 1964 |
| Land Rover benzin | árg. 1962 |
| Land Rover benzin lengri gerð | árg. 1966 |
| Gaz 69 jeppi | árg. 1967 |
| Willys jeepster | árg. 1967 |
| Ford Club Wagon | árg. 1967 |
| Volvo Laplander | árg. 1965 |
| Volvo Laplander | árg. 1965 |
| Ford Transit sendiferðabifreið | árg. 1967 |
| Ford Transit sendiferðabifreið | árg. 1968 |
| Ford Transit sendiferðabifreið | árg. 1968 |
| Volkswagen sendiferðabifreið | árg. 1965 |
| Renault R-4 sendiferðabifreið | árg. 1968 |
| Scania Vabis vörubifreið | árg. 1965 |
| Volvo vörubifreið með framdrifi og krana | árg. 1959 |
| Volvo vörubifreið með framdrifi og krana | árg. 1962 |
| Mórorhjól | |

Tilboðin verða opnuð sama dag kl. 5.00 að viðstöddum bjóðendum. Réttur áskilinn til að hafna tilboðum, sem ekki teljast viðunandi.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844



# ÚTBOÐ

Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi, óskar eftir tilboðum í klapparsprengingar í Borgarnesi, alls um 3500 rúmm. Útboðsgagna má vitja á Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen s.f. Ármúla 4. Reykjavik, gegn kr. 2000.00 skilatryggingu.

Tilboð skuli hafa borizt á sama stað eigi síðar en föstudaginn 2. febrúar, kl. 11.00 f.h. og verða þá opnuð.


†

Þökkum auðsýnda samúð og vináttu við andlát og jarðarför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu.

**Hreiðarsínu Hreiðarsdóttur.**

Hreiðar Ólafsson,

Guðjón Ólafsson, Björg Arnadóttir,
Ásta Ólafsdóttir, Stefán Ó. Jónsson,
Guðleif Ólafsdóttir, Július Helgason,
barnabörn og barnabarnabörn.

# FRAMHÖLDFRAMHÖLDFRAMHÖLDFRAMHÖLDFRAM

## Heil umferð 7

inn fer fram pressuleikur í Laugardalshöll. Hefur landsliðsnefndin valið sitt lið, en íþróttafréttamenn velja sitt lið nú um helgina. Lið landsliðsnefndar verður þannig:

Markverðir:
Hjalti Einarsson FH
Birgir Finnbogason, FH
Útileikmenn:
Geir Hallsteinsson, FH
Auðunn Óskarsson, FH
Sigurbergur Sigsteinsson, Fram
Björgvin Björgvinsson, Fram
Axel Axelsson, Fram
Gunnsteinn Skúlason, Val
Ólafur H. Jónsson Val
Ágúst Ögmundson, Val
Einar Magnússon, Víkingi
Guðjón Magnússon, Víkingi

Í 2. deild karla fara fram þrír leikir, KA, ÍBK, Þór-ÍBK og Þróttur-Stjarnan. Einn leikur fer fram í 1. deild kvenna, Breiðablik-KR.

Í körfunni fara fram fjórir leikir, allir á Seltjarnarnesi. Fyrri leikirnir hefjast í dag klukkan 16, og leika þá Ármann og Valur, ÍR og HSK. Annað kvöld klukkan 19 leika KR og Ármann, Valur og UMFN.

Myndin er frá leik FH og Vals í Hafnarfirði í fyrra. Hann var harður eins og allir leikir liðanna. Þessi sömu lið mætast í Firðinum seinna í vetur. — SS.

## Ófarir 2

og koma henni upp í Þorlákshöfn. Er þegar búið að ryðja þar netaskúra til að koma netagerðinni fyrir.

Binda Selfyssingar miklar vonir við þessa óvæntu aðstoð, um leið og þeir vona að þessi uppbygging aðstöðu fyrir Vestmannaeyjabáta, verði þeim einnig til góðs.

## Monte Carlo 2

eru Sylvía Österberg og Ingrid Edenring frá Svíþjóð. Sænska konan Carlson hafði haft forystuna lengst af þá sjö daga, sem aksturinn stóð, en þegar aðeins var um tveggja tíma akstur eftir varð hún að hætta keppni vegna bilunar í gírkassa Renault Alpine hennar. Í frétt þeirri frá NTB, sem Alþýðublaðið styðst við er því miður ekki getið um tegundir bíla síðastnefndu keppendanna, en vonandi berast nánari fregnir af Monte Carlo kappakstrinum síðar.

## Bækur 10

næstu grösum við okkur í tíman-um, svo sem Darwin og Marx.

Sagt er frá sannsögulegum atburðum, sem eru meira spennandi en flestar skáldsögur, svo sem blóðbaðinu í Stokkhólmi og púðursamsærinu í Englandi.

Þessir þættir eru bæði fróðlegir og skemmtilegir aflestrar. Þeir verða eflaust vel þegnir af fróðleiksfúsum almenningi. Auk þess er bókin tilvalin sem lestrarbók til hjálpar við sögunám á gagnfræðaskóla og menntaskólastigi.

Ólafur Hansson.

## Húsnæði 12

eyingum til boða, ef þörf krefur, svo og önnur aðstoð, sem Akraneskaupstaður getur í té látið.

Bæjarstjóri felur bæjarstjórn að taka upp viðræður við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra þá aðila, sem hlut eiga að um þetta mál."

## Hreyfir sig ekki 1

Dettifossi að hann fari hvergi frá Eyjum fyrr en skipið sé orðið fullt, og muni hann gera hvað hann getur til að koma aftur til Eyja og sækja meira. —

## Meistarakeppni 9

Samkvæmt töflu ættu leikir Meistarakeppninnar að fara fram sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. leikur | IBV-FRAM | 3. marz, 1973 |
| 2. leikur | IA/IBK-IBV | (10. marz, 1973) |
| 3. leikur | FRAM-IA/IBK | (17. marz, 1973) |
| 4. leikur | FRAM-IBV | (24. marz, 1973) |
| 5. leikur | IBV-IA/IBK | (31. marz, 1973) |
| 6. leikur | IA/IBK-FRAM | ( 7. april, 1973) |

## Ný skelfing 1

skipulag, að menn úr landi fengju ekki að leysa þá af, þar sem fjöldi manns er reiðubúinn að fara til Eyja strax.

Flestar götur eru nú orðnar illfærar og ófært að sumum húsum, sem ekki er enn búið að bjarga úr. Jarðýtur og traktorsgröfur vinna látlaust að því að ryðja göturnar en enn hvergi nærri er nægilegur mannskapur til að vinna þau störf sem vinna þar.

Kristján sagði að urgur væri í mörgum Vestmannaeyingum vegna þessa skipulags eða skipulagsleysis, og yrðu stjórnendur þessara framkvæmda vafalaust látnir skýra sitt mál síðar.

## Markahæstir 7

13 mörk: Bob Latchford (Birmingham), Mick Jones (Leeds) og John Tudor (Newsastle).

**2. deild:**
18 mörk: Don Givens (QPR)
14 mörk: Alf Wood (Milwall).

**3. deild:**
22 mörk: Arthur Horsfield (Charlton).

**4. deild:**
19 mörk: John Fairbrother (Mansfield).

## Gula 12

myndu heppnast fullkomlega, þá muni sjúkdómnum að fullu verða útrýmt úr heiminum árið 1975. Í skýrslu stofnunarinnar sem út kom nýlega, segir að þó skráð tilfelli gulu væru 65.000 árið 1972, sem er 23% hærra en árið 1971, þá stafi það einungis af fullkomnari leit eftir sjúkdóminum.

Eins og er, þá er gulu að fullu útrýmt í Bandaríkjunum og aðeins sjö Afríkuríki eiga skráð gulutilfelli á árinu 1972 Það eru ríkin í Asíu, þar sem gula er mest áberandi, t.d. í Pakistan, Bangla Desh og í Indlandi.

# Bjargaði málverkum

Meða þeirra Vestmannaeyinga, sem fengu heimfararleyfi í fyrradag til að huga að verðmætum þar, er Þorsteinn Víglundsson, fyrrverandi skólastjóri og núverandi sparisjóðsstjóri.

Fór hann til Eyja til að sækja þangað 34 mjög verðmæt Kjarvalsmálverk, sem eru í eigu byggðasafns Vestmannaeyja.

# Gleðilega helgi!







## Tilboð óskast

í nokkrar fólksbifreiðar, Pick-Up bifreið og bifreið með framhjóladrifi er verða sýndar að Grensásvegi 9, þriðjudaginn 30. janúar kl. 12-3.

Tilboðin verða opnuð í skrifstofu vorri kl. 5.

**Sölunefnd Varnarliðseigna.**

alþýðu blaðið

Alþýðublaðsútgáfan h.f. Ritstjóri Sighvatur Björgvinsson (áb). Fréttastjori Bjarni Sigtryggsson. Aðsetur ritstjórnar Hverfisgötu 8-10. — Sími 86666.
Blaðaprent h.f.

# ER ÓGNIN LOKS Á ENDA?

Á miðnætti í nótt gengur í gildi vopnahlé í Viet-nam. Þessi síðustu dægur eftir að friðarsamningarnir voru kunngerðir hafa bardagar í landinu færzt mjög í vöxt, því þegar vopnahléð gengur í gildi fær hvor stríðsaðilinn um sig ítök í þeim landshlutum, sem hann þá hefur á valdi sínu. Stríðsvofan virðist staðráðin í að krækja sér í eins mörg mannslíf og hún getur áður en hún verður hrakin brott af uppáhaldsleikvangi sínum. En allir friðelskandi menn í heiminum vona, að átökin nú séu aðeins dauðateygjur hinnar langvinnu styrjaldar í Viet-nam, — að eftir klukkan 12 í nótt hljóðni loks byssuhvellirnir fyrir fullt og allt í þessu stríðshrjáða landi og fólkið þar geti loks skriðið út úr fylgsnum sínum, grafið sína föllnu, syrgt sína dánu, reynt að segja skilið við lífsförunaut sinn hinn tærandi ótta og farið að að lifa eins og manneskjur.

Viet-namar hafa átt í styrjöldum sem staðið hafa uppihaldslítið í marga mannsaldra. Fyrst framan af voru átökin við næstu nágranna, sem endilega vildu leggja þetta litla land undir sig með vopnavaldi og háðu Viet-namar t.d. margar orrustur við Kínverja, sem þá voru verstu fjandmenn þeirra. En jafnvel hið voldug Kínaveldi brenndi á sér fingurna í Viet-Nam og varð að kippa að sér höndum. Svo hefur síðan farið um fleiri.

Síðasti kaflinn í stríðssögu Viet-Nam þjóðarinnar hefur staðið stanzlaust frá því í síðari heimsstyrjöldinni. Hersveitir styrjaldaraðila hafa að vísu nokkrum sinnum skipt um einkennisbúninga, en fyrir alþýðu landsins skipti það engu máli því dauðinn hafði aldrei fataskipti og þjáningin breytti aldrei um svip.

Vesturlandamenn hafa tvívegis á þessari öld lent í styrjöldum. Í fyrra skiptið í fjögur ár, í síðara skiptið í u.þ.b. 5 ár. Að öðru leyti hafa þeir búið við frið. Samt voru raunir þeirra á styrjaldarárunum svo miklar, þjáningar þeirra svo óskaplegar, að því verður aldrei gleymt og Vesturlandabúar telja þá, sem ábyrgðina báru, hljóta að hafa verið með öllu vitskerta.

En hvað um Viet-Namana? Þeir hafa sömu hugsanir og tilkenningar og við, þótt hörundslitur sé annar. Þeir finna alveg jafn mikið til og ég og þú þegar þeir eru kvaldir. Og þeir hafa ekki búið við styrjöld í tvisvar sinnum fjögur ár. Núlifandi Viet-Namar eru fæddir í stríði, foreldrar þeirra voru fæddir í stríði og jafnvel afar þeirra og ömmur líka og mörg hafa þau dáið í stríði sem var svo hroðalegt, að við Vesturlandamenn þekkjum ekkert sambærilegt við það. Á nokkrum vikum hafa fleiri og stærri sprengjur sprungið í Viet-Nam, en varpað var á Evrópu alla á styrjaldarárunum. Og Viet-Namar hafa dáið í þúsundvís fyrir vopnum, sem þá voru ekki þekkt og eru án efa einhver hin villimannlegustu, sem mannlegur hugur hefur getað upphugsað. Það er eitt af mestu kraftaverkum í sögu mannkyns, að fólkið í Viet-Nam skuli hafa getað lifað þessar ógnir af án þess að hafa orðið að viti firrtum skepnum. Ef það hefði aðeins verið til á gömlum sögubókum íslenzkum, þá hefði það fyrir löngu sprungið af harmi og kvöl.

Mannkynið allt á mikla skuld að gjalda í Viet-Nam. Saman verða þjóðir heims að reyna að hjálpa Viet-Nömum til þess að lifa eins og manneskjur, — nú, þegar það langþráða tækifæri kann loks að bjóðast fólkinu þar.

## STYRJÖLDIN Í VÍETNAM

# HVAÐ KOSTAÐI HÚN?

Hvað mannfalli kostnaði og eyðileggingu viðvíkur þá mun Viet-Nam stríðsins (þ.e.a.s. sá hluti styrjaldarinnar, sem Bandaríkjamenn tóku þátt í) verða minnzt sem stórfelldustu átaka sögunnar. Eftirfarandi tölur sýna, af hvaða stærðargráðu má meta tjónið:

**Munaðarleysingjar**

Samkvæmt opinberum heimildum í S.-Víetnam voru í janúarmánuði fyrir einu ári u.þ.b. 300 þús. börn í landinu, sem misst höfðu foreldra sína vegna styrjaldarinnar. Tala munaðarlausra barna er nú talin vera um tvöfalt hærri en þetta og er þá aðeins miðað við þau börn, sem misst hafa föður eða móður er gegnt hafa herþjónustu. Um fjölda munaðarlausra „borgarabarna" er ekkert vitað. Flóttafólk í landinu er nú eitthvað á aðra milljón.

Tap mannslífa af völdum stríðsins (reiknað frá 1. janúar árið 1961, mánuði eftir stofnun Þjóðfrelsisfylkingarinnar):

**Í HERJUNUM**

Bandaríkjamenn hafa misst milli 46 þús. og 56 þús. fallna (Fyrri talan er frá opinberum heimildum í Bandaríkjunum, sú síðari er komin frá George McGovern, senator, sem fullyrti, að sú fyrri væri röng.)

Suðurvíetnamar hafa misst 183 þús.menn.

Aðrir bandalagsherir S.-Víetnam hafa misst 4.875 menn fallna.

Norðurvíetnamar og hersveitir Þjóðfrelsisfylkingarinnar hafa misst 910 þús. menn fallna (samkvæmt bandarískum heimildum).

Manntjónið alls 1.153.875 manns.

**BORGARAR**

Í Suður-Víetnam 350 þús. dauðir og 950 þús. særðir (ágizkun McGoverns senators, sem hefur verið studd af ýmsum m.a. Edward Kennedy).

Í Norður-Víetnam hafa engar opinberar tölur verið gefnar upp um mannfall, en vitað er, að tugþúsundir almennra borgara biðu bana eða særðust í loftárásunum.

**TJÓN Á EFNISLEGUM VERÐMÆTUM**

Bandaríski flugherinn missti 3.607 flugvélar (þar af u.þ.b. 100 í Laos. Talan er uppgefin af Bandaríkjamönnum sjálfum).

Á hinn bóginn fullyrðir hin opinbera fréttastofa í Norður-Víetnam, að þegar þann 22. október 1972 hafi verið skotnar niður 4.011 flugvélar yfir Norður-Víetnam. Flugher Norður-Víetnama hefur misst 190 MIG-orrustuflugvélar (samkvæmt heimildum frá yfirherstjórn Bandaríkjanna í júní 1972).

Landher Norður-Víetnama hefur misst milli 500 og 800 skriðdreka og brynvarða vagna.

**SPRENGJUMAGN**

Alls 7,7 milljónum tonna af sprengjum, rakettum og flaugum hefur verið varpað í og á Viet-Nam, Laos og Cambodiu síðan í febrúar 1965 (upphaf árásanna á N.-Víetnam).

**FANGAR**

Um miðjan október 1972 voru 539 bandarískir stríðsfangar í N.-Víetnam. 1.143 voru á listanum yfir hermenn, sem saknað var.

Þessu til viðbótar sitja u.þ.b. 1500 Suður-Víetnamar sem herfangar í norðri.

Talið er, að í Suður-Víetnam séu alls 36.362 stríðsfangar. Þar með taldir 8.600 Norður-Víetnamar en ekki 2.900 örkumla menn og 2.700 konur, sem tekin hafa verið til fanga (samkvæmt bandarískum heimildum frá júlílokum 1972).

**KOSTNAÐUR**

Útgjöld til varnarmála á fjárlögum S.-Víetnam árið 1972 námu 435-,7 millj. dollara, en á sama tíma námu slík útgjöld í N.-Víetnam 584 millj. dollara.

Bandaríkjamenn notuðu 128 milljarða dollara til stríðsrekstursins í Víetnam á árunum 1965 til 1971. Árið 1972 námu þessi útgjöld Bandaríkjamanna 13 milljörðum dollara.

Talið er, að Sovétríkin hafi veitt N.-Víetnömum hernaðaraðstoð fyrir u.þ.b. 2 milljarða dollara að meðaltali á ári.

# ALÞÝÐUFLOKKURINN ÁLYKTAR UM ATBURÐINA Í EYJUM

**Á fundi Fulltrúaráðs Alþýðuflokksfélaganna í Reykjavík, sem haldinn var í fyrrakvöld, var eftirfarandi ályktun gerð um atburðina í Vestmannaeyjum:**

**„Fulltrúaráð Alþýðuflokksins í Reykjavík lýsir fullri samúð með Vestmannaeyingum og vottar þeim virðingu fyrir dugnað og æðruleysi á hættustund. Alþýðuflokkurinn mun gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að létta þeim baráttuna í framtíðinni".**

## FLOKKSSTARFIÐ

# GUMA-FÉLAGAR

Munið fundinn miðvikudaginn 31. janúar n.k. kl. 20,30 á Hótel Esju. Gestur fundarins verður Gunnar Thoroddsen, alþingismaður. Áríðandi að allir mæti.

**Stjórnin**

FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ NESKAUPSTAÐ

**Hjúkrunarkonu**

vantar að Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað.
Húsnæði fyrirliggjandi.
Barnaheimili rekið á vegum sjúkrahússins. Nánari upplýsingar hjá yfirhjúkrunarkonu sími: 7493.

Auglýsing um gírógreiðslur til Gjaldheimtunnar í Reykjavík

Til þess að auðvelda gjaldendum í Reykjavík greiðslu opinberra gjalda, hafa verið prentaðir sérstakir gíró-seðlar, merktir Gjaldheimtunni í Reykjavík og þeim dreift í alla banka, bankaútibú og sparisjóði, svo og aðalpósthús og útibú þess auk póstgíróstofunnar. Góróseðlar eru afhentir gjaldendum ókeypis.

Sérstakir seðlar eru fyrir innborganir á fasteignagjöldum og aðrir fyrir innborganir á opinberum gjöldum samkvæmt skattskrá.
Áríðandi er, að þeir sem greiða fasteignagjöld, skrái götuheiti, og fasteignanúmer á seðilinn, en sé um að ræða greiðslu opinberra gjalda samkvæmt skattskrá, þarf gjaldandi að skrá nafn sitt og nafnnúmer.
Kvittun á gíróseðli jafngildir í öllu tilliti kvittun frá Gjaldheimtunni.

Reykjavík 26. jan. 1973

**Gjaldheimtustjórinn.**

Auglýsingasíminn okkar er 8-66-60

# ÓLYMPÍUMEISTARINN LEIF JENSEN KEPPIR HÉR Á ALÞJÓÐLEGU LYFTINGAMÓTI Í FEBRÚAR!

**Í næsta mánuði verður haldið í Laugardalshöll alþjóðlegt lyftingamót með þátttöku frægra lyftingamanna. Þeirra þekktastur verður Norðmaðurinn Leif Jensen, Ólympíumeistari í léttþungavigt í Munchen í sumar.**

Það eru íslenzkir lyftingamenn sem hyggjast standa að mótinu ásamt ÍSÍ. Verður það haldið í Laugardalshöllinni föstudaginn 23. febrúar n.k.

Til mótsins hefur verið boðið frægum lyftingamönnum frá Norðurlöndum, en þeir standa einna fremstir í heimi lyftinganna. Frægastur þeirra er Leif Jensen frá Noregi, sem sigraði með miklum glæsibrag í léttþungavigt á Ólympíuleikunum í Munchen í sumar. Um Jensen hefur verið sagt, að miðað við líkamsburði sé hann tvímælalaust sterkasti maður heimsins.

Annar frægur kappi er Svíinn Hans Bettenburg, sem reyndar er fæddur Þjóðverji, Hann hlaut bronzið í milliþungavigt á Ólympíuleikunum í Munchen síðasta sumar.

Aðrir frægir kappar sem koma eru Norðmaðurinn Eivind Rekustad, einn bezti þungavigtarmaður Dana og svo Norðmaðurinn Aage Molstad. Auk þessara kappa verða allir beztu lyftingamenn Íslands með í keppninni, svo sem þeir Guðmundur Sigurðsson, Gústaf Agnarson og Óskar Sigurpálsson.

Þess er sérstaklega vænzt að keppnin í þungavigt verði skemmtileg. Þar leiða saman hesta sína mjög áþekkir menn að styrkleika, tveir Íslendingur og þrír útlendingar. Bent Harman hefur lyft samtals 315 kílóum, Eivind Rekustad 312 1/2 kílói, Óskar Sigurpálsson 310 kílóum, Gústaf Agnarsson 307 1/2 kílói og Aage Molstad 300 kílóum. Er jafnvel að búast við því að Óskar beri sigur úr býtum, því hann hefur sýnt stórstigar framfarir að undanförnu, enda í sérlega góðri æfingu. Nánar verður sagt frá þessari alþjóðlegu lyftingakeppni síðar. —SS.

## VILJA HJÁLPA ÍÞRÓTTAFÓLKI ÚR EYJUM

Eins og við höfum bent á, eru íþróttamenn úr Vestmannaeyjum á köldum klaka eins og aðrir Eyjamenn. Hefur íþróttahreyfingin tekið mál þeirra til umræðu, og orðið ásátt um að hjálpa íþróttafólkinu eins og framast er kostur. Þá hefur Íþróttabandalag Akraness komið af stað fjársöfnun ÍBV til handa.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað á fundi sínum að veita ÍBV 50 þúsund króna styrk til þess að koma íþróttaæfingum af stað. Þá hefur Eyjamönnum verið veitt aðstaða til æfinga á Melavellinum, og auk þese hafa íþróttafélög gefið vilyrði fyrir að lána ÍBV tíma í húsum sínum.

ÍA hefur byrjað almenna fjársöfnun. Liggja listar frammi í flestum kaupstöðum. Söfnunin stendur til 31. janúar og féð verður afhent daginn eftir.

## FUNDUR

**Íþróttakennarar**
félagsfundur verður haldinn fimmtudaginn 1. febrúar n.k. að Hótel Esju kl. 20.30
Fundarefni:
1. Kjaramál
2. Önnur mál

**Stjórnin**

## ...OG FUNDUR

AÐALFUNDUR TBR verður haldinn þriðjud. 30. janúar að Hótel Esju og hefst kl. 20.30
Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Önnur mál (upplýsingar og umræður um húsbyggingarmálið)
Mætið vel og stundvíslega.

**Stjórnin.**




## CHIVERS OG PETERS ERU MARKHÆSTIR

**Þeir Martin Chivers og Martin Peters hjá Tottenham eru markhæstir leikmanna í 1. deildinni ensku, og eru þá meðtalin mörk skoruð í deild, deildarbikar, bikar og Evrópubikar. Annars er listinn þannig:**

1. deild:
20 mörk: Martin Chivers (Tottenham) og Martin Peters (Tottenham)
18 mörk: Brian Robson (West Ham).
17. mörk: John Toschack (Liverpool) og John Richards (Wolves).
15. mörk: John Radord (Arsenal), Don Rogers (C.Palace) Rodney Marsh (Man. City) og Malcholm McDonald (Newcastle).

**Framhald á bls. 4**

## LÉTT HJÁ ÞEIM STÓRU

**Toppliðin í 1. deildinni ensku eiga öll frekar létta leiki fyrir höndum í dag, að Liverpool undanskildu. Liverpool mætir Úlfunum á útivelli, og verður það erfið þraut að vinna þá. Arsenal, Leeds og Ipswich eiga aftur á móti frekar létta heimaleiki í dag.**

**Hjá botnliðunum verður róðurinn þyngri þau eiga flest erfiða leiki, en reyndar eru leikir botnliðanna ætíð þeim erfiðir.**

## 2 NÝ SÉRSAMBÖND

Um helgina verða stofnuð tvö ný sérsambönd innan ÍSÍ. Í dag klukkan 14 verður stofnað Lyftingasamband Íslands, og á morgun á sama tíma Júdósamband Íslands, Verða sérsamböndin þá orðin 14 talsins.

# HEIL UMFERÐ UM HELGINA OG ÞÁ LEIKA STERKIR VIÐ ÞÁ VEIKU!

**Um helgina verður leikin heil umferð í 1. deild Íslandsmótsins í handknattleik. Þar er það svo í flestum tilfellum, að sterk lið mæta veikum. Af öðrum íþróttagreinum helgarinnar má nefna körfuknattleik, sund frjálsar íþróttir og badminton. Handknattleikurinn er þó lang viðamestur, því þar er keppt í hinum ýmsu aldursflokkum. Keppni 1. deildar karla verður þó mest í sviðsljósinu. Þess má geta, að leikjunum annað kvöld verður lýst í útvarpinu.**

Að vanda fara fram tveir leikir í 1. deildinni annað kvöld. Fara báðir leikirnir fram í Laugardalshöll, og hefst sá fyrri klukkan 20,15. Þá mætast ÍR og KR, og strax að þeim leik loknum Ármann og FH. Á mánudagskvöld heldur mótið svo áfram í Laugardalshöllinni klukkan 20,15. Mætast fyrst Valur og Víkingur, en þvínæst Fram og Haukar.

Um þessa leiki er það að segja, að í þremur tilfellum mæta sterk lið veikari liðum. Aðeins einn leikjanna getur talizt stórleikur, viðureign Vals og Víkings á mánudagskvöldið. Er mjög tvísýnt um úrslit þess leiks, en svona fyrirfram má reikna með sigrum hjá ÍR, FH og Fram gegn sínum andstæðijgum.

Að þessum leikjum loknum verður ekki leikið fyrr en um næstu helgi. En á miðvikudag-

**Framhald á bls. 4**

**LAUGARASBÍÓ** Simi 32075

„FRENZY"




Nýjasta kvikmynd Alfreds Hitchocokk. Frábærlega gerð og leikin og geysispennandi. Myndin er tekin i litum i London 1972 og hefur verið og er sýnd við metaðsókn viðast hvar.
Aðalhlutverk:
**Jon Finch og Barry Foster.**
**islenzkur texti**
Sýnd kl. 5 og 9.
Verð aðgöngumiða kr. 125.-
Bönnuð börnum innan 16 ára.

**STJÖRNUBÍÓ** Simi 18936

**Kaktusblómið**
**(Cactus flower)**
**islenzkur texti**



Bráðskemmtileg ný amerisk gamanmynd i technicolor. Leikstjóri Gone Saks Aðalhlutverk: Ingrid Bergman, Goldie Hawn, Walter Matthau.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

**KÓPAVOGSBÍÓ** Simi 41985



**Afrika Addio**

Handrit og kvikmyndatökustjórn: Jacopetti og Prosperi. Kvikmyndataka: Antonio Climati.
Sýnd kl. 5.15 og 9.
Bönnuð innan 16 ára.

Aukamynd
**Faðir minn átti fagurt land,**
litmynd um skógrækt

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**Ferðin til tunglsins**
sýning i dag kl. 15
**Lýsistrata**
sýning i kvöld kl. 20
**Ferðin til tunglsins**
sýning sunnudag kl. 15
**Ósigur og Hversdagsdraumur**
sýning sunnudag kl. 20
**Gestaleikur**
**Slavneskir dansar**
France Marolt dansflokkurinn og Tone Tomsic þjóðlagakórinn frá Ljubljana i Júgóslaviu
Sýningar föstudag kl. 20 og 23.
Miðasala 13.15-20. Simi 11200

**HÁSKÓLABÍÓ** Simi 22140

**Utanbæjarfólk**
(The out-of-towners)

Bandarisk litmynd, mjög viðburðarrik og skemmtileg og sýnir á áþreifanlegan hátt að ekki er allt gull sem glóir.
Aðalhlutverk:
Jack Lemmon
Sandy Dennis.

**islenzkur texti.**
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

**HAFNARBÍÓ** Simi 16444

**Varist vætuna**




Sprenghlægileg og fjörug ný bandarisk litmynd um viðburðarika og ævintýralega skemmtiferð til Evrópu.

**islenzkur texti**
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11

**TÓNABÍÓ** Simi 31182

**Dauðinn bíður í Hyde Park**



Mjög fjörug, spennandi og skemmtileg sakamálamynd með hinum vinsæla Roger Moore i aðalhlutverki
**ISLENZKUR TEXTI**
**Leikstjóri:** Alvin Rakoff
**Aðalhlutverk:** Roger Moore, Martha Hyer, Cladie Lange.
Sýnd kl. 5, 7, og 9
**Bönnuð börnum.**

**LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR**

**Atómstöðin** i kvöld kl. 20 30
**Leikhúsálfarnir** sunnudag kl. 15.00
Næst siðasta sinn
**Kristnihald** sunnudag kl. 20.30
165. sýning
**Fló á skinni** þirðjudag — **Uppselt**
**Fló á skinni** miðvikudag — **Uppselt**
**Fló á skinni** föstudag
Aðgöngumiðasalan i Iðnó er opin frá kl. 14. Simi 16620.

Auglýsingasíminn okkar er 8-66-60


# ÍSLANDSMÓTIÐ Í GOLFI VART Í EYJUM Í SUMAR

**Nú fyrir skömmu sendi stjórn G.S.Í. öllum klúbbum á landinu bréf, þar sem óskað var eftir tillögum um opnar keppnir, sem klúbbarnir hefðu hug á að halda nk. sumar. Einnig var beðið um heildarskrá yfir öll innanfélagsmót hjá klúbbunum vegna landskappleikjaskrár G.S.Í. Síðan verður haldinn samræmingarfundur hér í Reykjavík í byrjun febrúar, þar sem endanleg niðurröðun fer fram miðað við framkomnar óskir frá klúbbunum.**

Að sögn ritara G.S.Í. hafa aðeins 3 klúbbar látið heyra frá sér en vonandi rætist úr því á næstu dögum. Að loknum áðurnefndum fundi bíður risavaxið verkefni úrlausnar, þ.e. útgáfa heildarskrár yfir kappleiki á öllu landinu og þarf hún að vera komin út í byrjun april. Þar verða einnig birt úrslit i öllum opnum mótum sl. sumar og Landsmótinu i Grafarholti. Eitthvað af auglýsingum og fleira efni verður i þessu riti, sem ég tel, að geti orðið 30—50 bls. að stærð.

Þegar hefur verið ákveðið, að Íslandsmót fari fram 16.—21. júlí og að meistaramót klúbbanna verði háð 6.—11. ágúst. Í ljósi hinna válegu tíðinda undanfarin dægur er mjög hæpið, að vinir okkar Vestmannaeyingar geti haldið upp á 35 ára afmæli klúbbs síns með því að halda Íslandsmótið 1973 i Eyjum, enda er slíkt sjálfsagt aukaatriði miðað við alla þá erfiðleika er Eyjamenn og aðrir Íslendingar þurfa að leysa úr á næstu vikum og mánuðum. Ég veit, að hugur okkar allra dvelur nú hjá vinum okkar úr Eyjum, sem veitt hafa okkur margar ógleymanlegar stundir i leik og starfi á undanförnum áratugum.

Dómaramálin verða án efa tekin til meðferðar fyrir vorið, enda var samþykkt á framhaldsgolfþingi i haust að stefna að því, að a.m.k. nokkrir dómarar gætu tekið til starfa með full réttindi og dæmt i opnu mótunum strax i sumar. Hingað til hefur því miður rikt hálfgerð ringulreið i þessum málum og hafa skipaðir dómarar stundum þurft að leita ráða hjá keppendum sjálfum og rætt málsmeðferð i heyranda hljóði. Slikt er fásinna og veit ég, að G.S.Í. hefur fullan skilning á að leysa þessi mál til frambúðar á næstu mánuðum.

Oft skortir starfsmenn við mótin og eru stundum margir þeirra meðal þátttakenda og verða því að hlaupa frá hálfunnu verki, þegar þeir ræsa sjálfa sig út. Þó hefur ástandið batnað lítið eitt síðustu 2 árin eða svo og hafa margir eldri félagar lagt fram lið sitt við mótsstörf. Ég er viss um, að aukin blaðaskrif og almennur áhugi á golfi hefur ýtt undir margar þessar gömlu kempur.

Það er því á mörgum sviðum i starfi forystumanna i íþróttahreyfingunni, sem aukið umtal og fréttaflutningur skila arði.

Þrátt fyrir alltof mikinn fjölda keppenda i opnum mótum og landsmóti sl. ár, tel ég að allvel hafi verið staðið að framkvæmd mótanna viðast hvar. Fyrr en siðar verðum við að takmarka með einhverju móti þátttöku i ýmsum opnum mótum eða hreinlega að skipta þeim á a.m.k. 2 velli, til að meðalmennskan verði ekki að trúaratriði eða takmarki.

Ég tek fyllilega undir orð bæði Gisla Halldórssonar og Jóns Ásgeirssonar, er Íþróttamaður ársins var kjörinn, þ.e. að öll keppni og markviss þjálfun séu aflvakar íþróttanna. E.G.





**Ákveðið er að Meistaramót Íslands i golfi fari fram dagana 16.—21. júlí i sumar. Þar reynir Loftur Ólafsson að (sá efri) að verja titil sinn, og væntanlega verður Björgvin Þorsteinsson honum skeinuhættur.**

# Borðtennisdeild hjá GR

Ákveðið hefur verið að stofna borðtennisdeild innan Golfklúbbs Reykjavikur. Er deildin fyrst um sinn aðeins opin meðlimum Golfklúbbsins, en möguleiki er fyrir hendi að auka starfsemina seinna meir. Stofnun borðtennisdeildar innan GR er fyrst og fremst gerð i þeim tilgangi að skapa félögum GR aðstöðu til að iðka iþróttir fyrir vetrarmánuðina, eða þann tima sem golf er ekki iðkað.

Stofnfundur deildarinnar verður haldinn i golfskála GR við Grafarholt næsta miðvikudag klukkan 20,30. Á fundinn kemur Sveinn Áki Lúðviksson formaður Borðtennissambands Íslands. Mun hann þar halda stutta tölu um borðtennis á Íslandi.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem íþróttasiðan hefur aflað sér, er það 15—20 manna hópur innan Golfklúbbs Reykjavikur sem beitir sér fyrir stofnun borðtennisdeildar innan klúbbsins. Hafa þeir þegar fest kaup á einu borðtennisborði, og fleiri eru væntanleg. Aðstaða til borðtennisiðkunar er mjög góð i hinum rúmgóðu húsakynnum i Grafarholti.

Sem fyrr segir er stofnun deildarinnar fyrst og fremst gerð með það markmið i huga að veita félagsmönnum GR kost á íþróttaiðkunum að vetrinum til. Seinna er svo meiningin að leggja alvöru við iðkun iþróttarinnar, og koma upp keppnisflokkum á vegum félagsins.

**LIVERPOOL — DERBY**

**Sjónvarpsleikurinn á morgun verður milli núverandi Englandsmeistara, Derby, og liðsins sem er að margra dómi tilvonandi Englandsmeistari, Liverpool.**

**Leikurinn fór fram á heimavelli Liverpool, Arnfield, og kemur hann i stað leiks Stoke og Coventry sem átti að vera á skerminum. Þeim leik var frestað. Þá verða sýndar glefsur úr öðrum leik.**



16

alþýðu
blaðið

Alþýðubankinn hf

KÓPAVOGS APÓTEK
Opið öll kvöld til kl. 7
Laugardaga til kl. 2
Sunnudaga milli kl. 1 og 3

BORDEN

25050
SENDIBILASTÖÐIN HF



## GÁÐ TIL VEÐURS

Nú þegar mikið veltur á vindátt í Eyjum, væri gott að geta einhverju þar um ráðið, en því miður er því ekki að skipta. Jafnvel veðurfræðingar standa ráðalausir gagnvart veðri og *vindum, og munu líklega verða í* nánustu framtíð. En hvað um það, í dag mun suð-austlæg átt verða ríkjandi um suð- og suðvestanvert landið, og snýst síðan upp í suð-vestlæga átt með morgundeginum. Veður mun fara hlýnandi, jafnframt því sem lítilsháttar rigning mun bleyta í Sunnlendingum í nótt og á morgun.

Fyrir noraðn mun verða frekar stillt veður. Suðlæg átt mun verða ríkjandi í dag og á morgun. Veður verður þurrt og heldur kaldara en fyrir sunnan.

Svo lengi, sem suð-austan áttin er ríkjandi, mun ösku og vikri rigna yfir Heimaey, en strax og áttin verður suð-vestlæg, batnar hagur manna í Eyjum.

# Spyrjast fyrir um húsnæði

Um helgina mega Akurnesingar eiga von á, að börn banki upp á hjá þeim og biðji um smá fjárhagsaðstoð til handa heimilislausum Vestmannaeyingum. En börnin vilja líka fá upplýsingar, sem Vestmannaeyingum verður síðan miðlað af: börnunum er uppálagt að afla upplýsinga um laust húsnæði fyrir þá í kaupstaðnum. Sóknar presturinn skipuleggur þessa söfnun, en það er þjóðkirkjan sem stendur fyrir henni.

Þá samþykkti bæjarstjórn Akraness eftirfarandi á fundi sínum í gær, föstudaginn 26. janúar: ,,Bæjarstjórn Akraness vottar bæjarstjórn Vestmannaeyja og öllum Vestmannaeyingum samúð sína vegna hinna hörmulegu atburða, sem þar hafa orðið síðustu daga.

Bæjarstjórn Akraness beinir því til allra Akurnesinga, að þeir veiti Vestmannaeyingum alla þá hjálp, sem á þeirra valdi stendur, t.d. með útvegun atvinnu og húsnæði til þeirra, er á þurfa að halda.

Bæjarstjórn Akraness væntir þess, að Vestmannaeyingum auðnist að hverfa til heimkynna sinna hið fyrsta. Meðan núverandi ástand ríkir vill bæjarstjórn benda mönnum á, að hafnaraðstaða sú, sem fyrir hendi er á Akranesi, stendur Vestmanna-

Framhald á bls. 4.



## FÖGUR — FEGRI — FEGURST

Myndin hér að ofan er að vísu ekki tekin í nýafstaðinni Fegurðarsamkeppni Reykjavíkur, þótt æskilegt hefði verið. Keppni með þessu nafni fór fram nú í vikunni í einu öldurhúsi borgarinnar og var fátt um manninn og enn færra um fagrar konur, að sögn vitna. Vilja sumir túlka þetta, sem mótmæli kvenþjóðarinnar við ,,gripasýningum'', eins og ein rauðsokkan komst víst að orði. En hvað um það, vinkona okkar hér að ofan, Jayne Seymour, sem er ensk leikkona, ljáði okkur þessa mynd af sér, til þess að — til þess að, — æ, þið vitið til hvers, er það ekki?



,,Reynir Leósson virðir fyrir sér heimskortið, en á næstunni á það e.t.v. fyrir honum að liggja að ferðast milli landa og koma fram í sjónvarpi og sýna alþjóð krafta syna.''

**Tíminn.**

,,Var lögreglunni tilkynnt um atferli barnanna og voru þau tekin af lögreglunni.''

**Vísir.**

,,...þeir leigðu sér einfaldlega rúmgóða þotu, sem flaug þeim yfir hafið...''

**Vísir.**

,,Vörðufell, Brattholt, Brynjudalur — hver verður dómurinn um grjótið.''

**Tímafyrirsögn.**

,,Ekki er enn hægt að láta nafn mannsins uppi, þar sem enn hefur ekki náðst til allra aðstandenda hans. Rannsókn málsins er enn ekki lokið...''

**Vísir.**

,,Einangrunarklefarnir munu vera mjög þéttir, en auðvitað er loftræsting í þeim. Reykurinn mun hafa verið mjög mikill í klefanum, en frekar lítið síazt út úr honum.

Oft er að talsambandið úr klefunum við gæzlumenn er eyðilagt af völdum fanganna, og mun oft geta liðið talsverð stund unz þeir geta gert vart við sig.

Ekki mun föngum sem látnir eru í einangrun vera leyft að hafa með sér eldspýtur eða tóbak í klefana, en samt mun það koma fyrir, að þeir geti smylgað slíku með sér.''

**Vísir.**

## LONDON: BORG HINNA HEYRNARLAUSU

Fyrir árið 2000 munu allir íbúar Lundúna verða orðnir heyrnarlausir, segir Geoffrey Holmes, sem nýlega hefur lokið rannsóknum á hávaða í höfuðborg Bretlands. 55 decibel telst viðunandi hávaði á heimilum, og hávaðinn í umferðinni fer oft yfir 100 decibel. Sérstaklega er hávaðasamt í hverfinu umhverfis Buckingham-höllina, segir hann.

## GULUNNI ÚTRÝMT?

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin kunngerði nýlega, að ef aðgerðir þær, sem nú væru í framkvæmd á vegum stofnunarinnar gegn gulu,

Framhald á bls. 4

## Skattaframtalið

**Nú sitja menn sveittir hvert kvöld**
**(því sumir fá skömm í hattinn)**
**og telja fram tekjur og gjöld,**
**en tölvan reiknar út skattinn.**

**Nú sitja menn sveittir hvern dag,**
**í sakleysi gleyma og muna,**
**það þarf bæði list og lag**
**að leika á skattheimtuna.**

*Lómur*

# ÞAÐ VERÐUR AÐ BJARGA TÍGRISDÝRUNUM

Tígrisdýrastofninn í Indlandi minnkar nú svo ört, að indverska stjórnin hefur beðið FAO, stofnun á vegum SÞ, sem fjallar um landbúnaðarmál og fæðuöflun, að hjálpa til við að varðveita dýrategundina. Indverska stjórnin hefur nú þegar lagt bann við tígrisdýraveiðum næstu 5 árin.

Tígrisdýrin eru aðallega talin og auðkennd með athugunum á fótsporum þeim, sem þau láta eftir sig á sandlögðum stígum í frumskóginum. Sérhvert tígrisdýr skilur eftir sig sérstæð fótspor, sem við nákvæma athugun geta gefið upplýsingar um aldur dýrsins, kynferði, heilsufar og skapgerð, segja indverksir embættismenn. Gizkað er á, að nú séu einungis u.þ.b. 2000 tígrisdýr eftir í Indlandi.